



## Fundur með foreldrum nýnema og aðalfundur foreldraráðsins

Fjölmargir foreldrar nýnema mættu á kynningarfund þriðjudaginn 25. ágúst. Þar var farið yfir skólastarfið og helstu reglur skólans. Foreldrar voru hvattir til að fylgjast vel með skólagöngu sinna ungmenna og láta í sér heyra ef eitthvað misferst.

Að kynningarfundinum loknum var aðalfundur foreldraráðsins. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar og valið í stjórn næsta árs. Að þessu sinni bættust þrír foreldrar í stjórn foreldraráðsins og væntir skólinn mikils af samstarfi við foreldra á komandi skólaári.

## Aðgangur forráðamanna að INNU og Námsnetinu

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára hafa óheftan aðgang að Innu og Námsnetinu.

[Inna](#) geymir m.a. upplýsingar um stundatöflu nemenda, mætingu, einkunnir og einingafjölda. Mikilvægt er að fylgjast vel með viðveru /mætingu nemenda. Fyrir kemur að nemendur missa tókin á mætingu sinni á fyrsta ári í framhaldsskóla, því er mikilvægt að veita þeim aðhald varðandi góða skólasókn.

[Námsnetið](#) er upplýsingamiðill fyrir nemendur.

Kennarar setja m.a. kennsluáætlanir, námsmat, verkefni, glósur og heimavinnu inn á Námsnetið. Það er nauðsynlegt fyrir nemendur að líta inn á Námsnetið á hverjum degi. Gott getur verið fyrir foreldra að minna sína unglunga á Námsnetið.

Til að virkja aðganginn þarf að biðja um nýtt lykilorð og setja inn kennitölu. Þá er lykilorðið sent á það netfang sem er skráð á forráðamenn í Innu.

## Fyrsta ballið

Miðvikudaginn 26. ágúst. heldur nemendafélagið sinn fyrsta dansleik á haustönn. Ekkert er til sparað af hálfu nemendafélagsins og fjöldi skemmtikrafta mun stíga þar á svið. Dansleikurinn er nemendum mikið tilhlökkunarefni en á sama tíma ber að hafa í huga að sumir nemendur halda að allt sé leyfilegt þegar komið er í framhaldsskóla. Svo er alls ekki. Starfsmenn skólans ásamt gæslumönnum verða til eftirlits. Þeim nemendum sem grunaðir eru um ölvun verður boðið að blása í mæla eða hverfa á braut ella.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast grannt með og leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum. Við minnum á að við samþykjum ekki drykkju á skólaböllum en nemendur koma stundum undir áhrifum til okkar á dansleiki.

Við vonum að nemendur skemmti sér vel á dansleiknum og njóti þess sem nemendafélagið (NFFG) býður upp á í vetur.

Ef foreldrar eru í vafa um hvort atburðir eru á vegum nemendafélagsins þá bendum við þeim á að hafa samband við skólann.

Þjórkvöld eru aldrei á vegum skólans og nemendur yngri en 18 ára eiga ekkert erindi á öldurhús.

